

Anna Guðjónsdóttir

21.02.–19.05.2019

**Hluti
í stað
heildar**
Pars pro
toto

Hluti í stað heildar

Anna Guðjónsdóttir varðveitir minningar úr æsku um að hafa leikið sér ein og úr alfaraleið í náttúrunni. Hún sótti ítrekað í sömu gjána í Þingvallahrauni þar sem hún upplifði afmarkaða og heildstæðan heim. Eftir því sem hún dvaldi þar oftar kynntist hún staðnum, hverri sprungu og hverri þúst. Þarna lærðist henni smám saman og ósjálfrátt að skynja umhverfið. Sú skynjun sneri ekki eingöngu að því sem sjá mátti á yfirborðinu heldur hvarflaði hugurinn að því sem kynni að búa að baki alls þess sem hún þekkti orðið svo vel. Gjáin varð birtingarmynd einhvers stærra og viðameira sem ógerningur var að ná utan um en mátti þó skilja á óræðan hátt. Minning þessi kemur gjarnan upp í listsköpun Önnu þar sem hún yfirfærir marglaga náttúruupplifun sína á skynheim myndlistar. Stundum dregur hún upp mynd gjárinna en jafnvel þótt hún sé hvergi sýnileg í verkunum er hún er aldrei langt undan.

Leið Önnu sem listamanns lá um farveg málverkahefðarinnar. Þar hefur löngum verið tekst á við sígildar spurningar um mörk tvívíðs, málaðs flatar annars vegar og þrívíðs, raunverulegs rýmis hins vegar – mörk frummyndar og eftirmyndar. Gagnvart málverkinu vaknar ennfremur spurningin um hvað sé að baki yfirborðsins en ekki síður, hvað sé fyrir framan það? Visar verkið inn í annan heim eða speglar það þann veruleika sem það fyrirfinnst? Allt snýr þetta að skynjun áhorfandans og hvernig hann staðsetur sig. Á ferli sínum hefur Anna lagt áherslu á að opna leiðir áhorfenda til ólíkrar skynjunar í gegnum verk sín og sýningar.

Ein leið sem Anna hefur þróað að þessu marki er að notast við sýningarskápin sem form og hugmynd. Hvort heldur við hugsum um hefðbundna vitrínu í samnefningu síðustu árhundraða eða *Wunderkammer* endurreisnartímans, er um að ræða afmarkað hól þar sem eitthvað hefur verið valið til varðveislu og sýningar. Það sem er til sýnis stendur síðan fyrir eitthvað annað og stærra í samhengi lífríkis, jarðfræði, sögu, menningar og þar fram eftir götunum. Rétt eins og í stílfræði er það kallað *Pars pro toto* (hluti í stað heildar) þegar hluti einhvers fyrirbæris er nefndur í stað þess sem um ræðir. Í sýningarskáp Önnu er stundum ekkert að sjá nema tóman strúktúrinn, kannski nokkrar hillur. Stundum er þar landslagsmynd. Stundum óræðar, tjáningarríkar pensilstrokur, litir eða áferð. Ef vel er gáð kann að vera að sem áhorfandi sé maður sjálfur inni í skápnunum. Hluti í stað heildar.

Á sýningunni í Hafnarhúsinu er sýningarskápur Önnu alltumlykjandi. Auk okkar sem eigum þar leið um eru nokkrir þættir sem til má taka. Á endaveggnum fjærst innganginum hefur Anna dregið upp lauslega mynd af landslagi. Kannski skissu eða hugmynd fremur en beina eftirmynd; minningu um stað. Á endaveggnum gegnt teikningunni eru rauð, geómetrísk málverk. Þau eru dreifið um vegginn en í hугanum má þúsla þeim saman í eina heild sem hefur verið splundrað. Verkin eru í grunninn unnin með fínlegri og blæbrigðaríkrri pensilskrift en hafa síðan verið hjúpuð glerhórðu lakki. Í því speglast allt umhverfið, sýningarsalurinn og maður sjálfur þegar nær er komið. Á milli endaveggjanna er þrívíð teikning mótuð með svörtum stálgrindum í rýminu og svörtu límbandi á gólfi. Hún dregur fram uppbyggingu salarins – súlur, veggj, gólf og loft – og tengir saman við form sýningarskáps með hjálp fjarviddar. Fyrir tveimur gluggum er strengdur ómeðhöndlaður stigi. Þar mást út mörk framhliðar og bakhliðar allt eftir því hvort gestir horfa inn eða út um gluggana.

Undanfarin ár hefur listamönnum verið boðið að takast á við A-sal Hafnarhússins með nýjum innsetningum. Arkitektúr salarins einkennist af voldugum súlum hins gamla vöruhúss og stórum gluggum sem fylla upp í gömlu hleðsludyrnar. Skemmst er að minnast sýninga Ingólfs Arnarssonar, *Jarðhæð* (2018), Ilmar Stefánsdóttur, *Panik* (2017) og Moniku Grzymala, *Hugboð* (2016). Allar kölluðust þær með ólíkum hætti á við þetta sérstaka umhverfi. Í kjölfar sýningar Önnu Guðjónsdóttur sýnir Finnbogí Pétursson nýja innsetningu í salnum.

Anna Guðjónsdóttir (f. 1958) er fædd og uppalin í Reykjavík. Eftir tveggja ára nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands fór hún til Þýskalands í myndlistarnám við Listaháskóla Hamborgar þaðan sem hún brautskráðist árið 1992. Anna hefur hlotið margvísleg verðlaun á alþjóðavettvangi fyrir myndlist sína. Hún hefur haldið sýningar víðs vegar um heim en nokkuð er um liðið frá því hún sýndi síðast á Íslandi. Anna er búsett í Hamborg en er alltaf með annan fótinn hér á landi.

Pars Pro Toto

Anna Guðjónsdóttir has childhood memories of playing alone and off the beaten track in Icelandic nature. She used to visit the same ravine in the Þingvellir lava field, where she experienced a well-defined and comprehensive world. The more often she came there, the more she got to know the place, every fissure, every hummock. This is where she gradually and instinctively learned to recognise her surroundings. This recognition not only applied to that which can be seen on the surface, but she also wondered about that which was hidden behind all the things she knew so well. The ravine became a manifestation of something larger and more extensive which was impossible to encompass but could be understood in an unfathomable fashion. This memory often surfaces in Anna's art, where she projects her multi-layered nature experience onto the sensory world of art. Sometimes she depicts the ravine itself, but even if it is nowhere to be seen in the work, it is never far away.

As an artist, Anna's path has lain through the area of traditional painting. Here, the classic questions of the boundaries between a two-dimensional, painted surface on one hand, and a three-dimensional, actual space on the other – the boundaries between the original and the copy – have long been grappled with. Regarding the painting, the question also arises of what lies behind the surface, but even more important, what is in front of it? Does the work reference another world or does it reflect the reality it originates in? All of this has to do with the viewer's perception and their position towards the work. During her career, Anna has strived to open up different ways of perception for the viewer, through her work and exhibitions.

One of the methods which Anna has developed to achieve her goal, is to use the showcase as a form and an idea. Whether we picture the traditional display case of the last few hundred years of museum culture, or the *Wunderkammer* of the Renaissance period, this means a defined compartment, where something has been selected for preservation and display. The item on display represents something else, something bigger, in the context of flora and fauna, geology, history, culture and so on. Just as in stylistics, it is called *Pars pro toto* (a part (taken) for the whole), when a part of a certain phenomenon is taken to represent the whole thing. In Anna's display case, sometimes there's nothing to see but the empty

structure, maybe a few shelves. Sometimes a landscape. Sometimes a few inscrutable and expressive strokes of the paintbrush, colours or texture. Upon close inspection, it may feel like the viewer is inside the case. Pars pro toto.

In the exhibition in Hafnarhús, Anna's display case is all-encompassing. Apart from us who travel through it, there are a few things to mention. On the end wall, furthest away from the entrance, Anna has drawn a landscape, maybe more of a sketch or an idea rather than direct copy; a memory of a place. The wall opposite the drawing has red, geometric paintings. They are spread across the wall, but the viewer can piece them together like a whole that's been split. The paintings are based on delicate and expressive brushstrokes, but have been coated with varnish, hard as rock. When approaching the varnished work it reflects the surroundings, the exhibition hall and the viewer. Between the end wall and the front wall is a three-dimensional drawing, created from black steel frames and black duck tape. This underlines the shape of the hall itself – pillars, walls, floor and ceiling – and connects it to the form of the showcase, using perspective. Two of the windows have been covered with plain, untreated canvas, to erase the line between front and back, depending on whether visitors are looking outside or inside the windows.

In the past few years, artists have been invited to take on the A-Hall in Hafnarhús with new installations. The hall's architecture is characterised by grand pillars of the old warehouse, and large windows which fill the old loading door. The exhibitions have included Ingólfur Arnarsson's *Ground Level* (2018), Illmur Stefánsdóttir's *Panic* (2017) and Monika Grzymala's *Envoi* (2016), all of which echoed their surroundings. After Anna Guðjónsdóttir, Finnboogi Pétursson will bring a new installation to the same hall.

Anna Guðjónsdóttir (b. 1958) was born and raised in Reykjavík. After two years of study at the Icelandic College of Art and Crafts, she went to Germany to study at the Hamburg Art Academy and graduated in 1992. Anna has received numerous international awards for her art. She has held exhibitions all over the world, but it's been some time since she last exhibited her work in Iceland. Anna lives in Hamburg, but visit Iceland often.

Anna Guðjónsdóttir

Hluti í stað heildar

Pars pro toto

21.02.–19.05.2019

Sýningarstjóri

Curator

Markús Þór Andrússon

Dagskrá

Programme

Sunnudag 24. febrúar kl. 15.00

Leiðsögn listamanns

Sunday 24 February at 15h00

Artist Talk

Föstudag 8. mars kl. 13.00

Opinn fyrirlestur listamanns

í Listaháskóla Íslands

Friday 8 March at 13h00

Artist Talk at Iceland University of the Arts

Sunnudag 19. maí kl. 15.00

Leiðsögn listamanns á lokadegi sýningar

Sunday 19 May at 15h00


Artist Talk on final exhibition day

**Nánari upplýsingar um leiðsagnir
og dagskrá á heimasíðu safnsins**

Further information on guided tours and
programme on museum website

Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn

Small or large groups can book guided tours



Hafnarhús

Tryggvagata 17

Reykjavík

+354 411 6400

Opið daglega

Frá 10.00 til 17.00

Fimmtudaga

Frá 10.00 til 22.00

Open daily

10h00–17h00

Thursdays

10h00–22h00

© 2018 Listasafn Reykjavíkur

#listasafnreykjavíkur

#reykjavikartmuseum

